

Minnisblað vegna Frístundaklúbbs ÍTH

Frístundaklúbbur fyrir börn með fatlanir 10 – 15 ára

Óskir og undirbúningur: Síðustu misseri hafa komið óskir foreldra fatlaðra barna sem hafa ekki aðgang að öruggum stað eða dagvist eftir að skóla lýkur. Sviðstjóri kallaði saman starfsmenn, Geir, Hrönn, Lindu og Guðrínu til að skoða möguleika varðandi þessa þjónustu. Andri verkefnastjóri hefur síðan tekið við af Lindu fyrir hönd ÍTH. Hópurinn hefur kynnt sér sambærilegt úrræði hjá Reykjavíkurborg.

Foreldrar: Hugmyndir að verkefninu hafa verið kynntar foreldrum og samstarfsaðilum. Tvö kynningarbréf hafa farið út en annað þeirra var til allra foreldra barna í Hafnarfirði sem eru á þessum aldri. Forskráning var 1. júlí þrjú börn en í dag 4 börn. Vegna hve börnin eru fá þá erum við hætt við að finna langtímahúsnæði fyrir úrræðið og fundið skammtíma húsnæði.

Starfsemin og húsnæði: Verður staðsett í Vinnuskóla Hafnarfjarðar, Hrauntungu 5. Þar er ágæt aðstaða og ágætt aðgengi. Eldhús, salur og WC í fínu standi. Eitthvað þarf að laga aðgengi og bæta við búnað. Verkefnið yrði nokkuð sjálfstæð eining innan ÍTH rétt eins og tómsundamiðstöð í grunnskóla. Andri og Geir stýra því ásamt verkefnastjóra til að byrja með þangað til að það er komið vel af stað.

Fjöldi barna: Reiknað er með 4 börnum við upphaf en að verkefnið muni stækka

Kostnaðarliðir: Með öllu um 3,3 milljónir til áramóta. Sjá drög neðst á skjali.

Verkefnastjóri: Sigrún Jóna G. Eydal hefur verið ráðinn verkefnastjóri frístundaklúbbs. Hún er menntuð í iðjuþjálfunarfræði frá Háskólanum á Akureyri og hefur þegar hafið störf. Netfangið hennar er sigeydal@hafnarfjordur.is og gsm: 6645768. Hún verður tengdur félagsmiðstöðinni Hrauninu og Andri leiðir starfið áfram. En sérfræðingar fjölskylduþjónustu munu starfa með að mótun upphafs verkefnisins.

Frístundaleiðbeinendur: Verða í um 50%-60% stöðu samtals, einn eða tveir starfsmenn. Ef börn eru fleiri en 4 verða 3 starfsmenn.

Tímasetningar: Verður opnað 1. okt. Eftir að hafa fengið viðbótarupplýsingar frá foreldrum varðandi skóaldag barnanna en að öðru jöfnu má reikna með að starfið sé í gangi frá 13:00 – 17:00. Á ákveðnum dögum þegar starfsdagar eru í skólum eða jóla/páskafrí verður boðið upp á lengri viðveru. Það þarf að skoða þetta betur á einstaklingsgrunni og út frá möguleikum þeim sem tengjast starfsmönnum.

Þátttökugjöld: Verða sömu og í frístundaheimilum. Ca 4200 kr. á dag eða ca16500 kr. fyrir alla daga vikunnar og er nestisgjald inni í þessum tölum. Nestið yrði unnið af hópnum á staðnum.

Akstur: Börn koma á vegum foreldra eða akstursþjónustu á staðinn. Unnið er að því að Frístundaklúbburinn fái aðgang að bíl til að fara í styttri ferðir 1 x viku. Fyrir liggur að Hafnarfjarðarbær þarf að bera þungan af kostnaði vegna akstursþjónustu úr grunnskóla og í úrræðið og mun það kosta 600-800 þús. á ári.

Mat: Farið verður á nýju ári að skoða hvernig til hefur tekist, hvort að starfsemin skili því sem ætlast er til, hvort að fjöldi barna muni aukast og hvort að horfa þurfi á nýtt og stærra húsnæði. Starfsmenn ÍTH og fjölskylduþjónustu auk verkefnastjóra sinna þessu.

Sumarstarf: Trúlega mun leikjanámskeið sem starfrækt er í Setrinu á sumrin fyrir þennan aldur sameinast þessu verkefni á sumrin en sumir í hópnum eru það gamlir að þeir fara í Vinnuskólann í vinnu.

Frístundaklúbbur: Er sérstök eining, kannski mitt á milli frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar. Markmið starfsins er að gefa krökkunum tækifæri á að kynnst öðrum krökkum og vinna með þeim að skemmtilegum og þroskandi verkefnum bæði úti og inni.

Kostnaður (utan aksturs)

		2013	2014	
Tekjur		-217	-516	
Verkefnastjóri		1.225	3.010	
1 starfmaður		700	1.720	
Húsnæðiskostnaður		350	860	
Lagfæring húsnæðis		300	0	
Ræsting		70	172	
Tómstundardót		53	129	
Stofnkostnaður		100	0	
Áhöld		30	60	
Tækjakaup		0	0	
Dagskrá		70	172	
Ferðir		70	172	
Nesti		70	172	
		2.821	5.951	Báðar annir
Raun kostn 2013 ca	3.000			